

---

**Ályktun um þararæktun**

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september 2022 skorar á íslensk stjórnvöld að hraða sem mest vinnu við lagaumgjörð varðandi ræktun þara og þörunga til að hægt verði að hefja markvissa starfsemi í þessari atvinnugrein. Uppbygging greinarinnar líður fyrir að ekki sé til lagarammi utan um starfsemina, málið tilheyrir engri stofnun og því ekki hægt að gefa út starfsleyfi. Þara- og þörungarækt er öflug leið til að minnka umhverfisáhrif og er talin mjög góð mótvægisáðgerð í grennd við fiskeldi. Jafnframt er mikil þróun á heimsvísu í nýtingu þörunga sem bætiefni, íblöndunarefni og orkugjafi. Hér þarf að bregðast fljótt við svo fullkomin samlegð náist í þörungarækt og öðrum nytjum í fjörðum Vestfjarða.

Flutningsmenn Jón Árnason, Vesturbyggð og Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi.